

Lok rannsóknar á samruna Styrkáss hf. og Krafts ehf.

- Í úrlausn þessari er gerð grein fyrir málsmeðferð og lokum rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á samruna Styrkáss hf. (hér eftir „Styrkás“) og Krafts ehf. (hér eftir „Kraftur“). Við meðferð málsins og þegar rannsókn eftirlitsins stóð enn yfir ákváðu samrunaaðilar að draga samrunatilkynningu sína til baka. Upplýstu samrunaaðilar um afturköllun sína á samrunatilkynningu þann 10. janúar 2025 og lauk þá sjálfkrafa rannsókn og málsmeðferð eftirlitsins. Vegna afturköllunar aðila á samrunatilkynningu kom ekki til þess að Samkeppniseftirlitið þyrfti að taka endanlega afstöðu til áhrifa samrunans og hvort hann samræmdist samkeppnislögum.
- Með bréfi, dags. 11. október 2024, var samrunaaðilum tilkynnt að fullnægjandi samrunatilkynning hefði borist þann 8. október 2024 og að frestir til rannsóknar á samrunanum hafi byrjað að líða frá þeim degi.
- Samrunaaðilar eru keppinautar í innflutningi og sölu á vörubifreiðum. Fyrirtækið Klettur, sem er í eigu Styrkáss, er aðalsöluaðili Scania vörubifreiða hérlendis og rekur verkstæði í tengslum við það auk annarrar starfsemi, og Kraftur selur m.a. MAN vörubifreiðar og önnur atvinnutæki og rekur verkstæði í tengslum við það auk annarrar starfsemi.
- Samrunaaðilar eru samanlagt stærstu innflytjendur á vörubifreiðum. Er um að ræða mikilvæga atvinnustarfsemi og samkvæmt frummati Samkeppniseftirlitsins virðist heildarstærð hennar nema um 14 milljörðum kr. á ári. Er þá ekki meðtalin viðgerðar- eða viðhaldsþjónusta, sala varahluta eða ásetts búnaðar fyrir vörubifreiðar, né önnur þjónusta eða vörusala sem Styrkás / Klettur og Kraftur veita. Þá liggur fyrir að starfsemi samstæðu Styrkáss og Kletts nær einnig til dekkjasölu, olíu og eldsneytis, eldsneytisdreifingar og annarrar tengdrar starfsemi.
- Í upphafi rannsóknar sendi Samkeppniseftirlitið helstu keppinautum samrunaaðila og öðrum hagaðilum umsagnarbeiðni þar sem þeim var gefinn kostur á að tjá sig um samrunann og möguleg áhrif hans. Í umsögnum var því m.a. haldið fram að samruninn myndi raska samkeppni. Lýstu umsagnaraðilar yfir áhyggjum af stærð samsteypu Styrkáss og að markaðsráðandi staða myndi myndast með samrunanum. Í upphafi rannsóknarinnar óskaði Samkeppniseftirlitið einnig eftir gögnum frá Samgöngustofu yfir innflutning og skráningu vörubifreiða á Íslandi undanfarin ár.
- Með bréfi dags. 11. nóvember 2024 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að ástæða væri til frekari rannsóknar á áhrifum samrunans. Var það mat meðal annars stutt þeim gögnum sem eftirlitið hafði aflað á fyrsta hluta rannsóknarinnar auk annarra fyrirliggjandi gagna. Í bréfi sem sent var samrunaaðilum þar sem þetta var tilkynnt kom m.a. fram það mat Samkeppniseftirlitsins að fyrirliggjandi gögn gæfu vísbendingar um hugsanleg neikvæð lárétt áhrif (neikvæð áhrif á samkeppni milli keppinauta) á mögulegum mörkuðum málsins, einkum á



sennilegum markaði fyrir sölu vörubifreiða og eftir atvikum á markaði fyrir viðgerðir og viðhald slíkra bíla. Þó var tekið fram í bréfinu að endanlegar markaðsskilgreiningar lægju ekki fyrir né heldur frumniðurstöður um umfang þeirra mögulegu skaðlegu samkeppnislegu áhrifa sem samruninn kynni að hafa í för með sér.

7. Síðari hluta nóvember og desember 2024 fór fram hefðbundin samrunarannsókn með úrvinnslu málgagna, umsagna og sjónarmiða, sem og undirbúningur frekari gagnaöflunar hjá markaðsaðilum um fjölda seldra ökutækja, veltu vegna sölu ökutækja, fjölda viðgerða og veltu vegna viðgerðarþjónustu vörubifreiða, sundurliðað eftir tilteknum þyngdarflokkum og eftir ökutækjategundum.
8. Jafnframt undirbjó Samkeppniseftirlitið framkvæmd spurningakönnunar meðal viðskiptamanna fyrir ofangreindar vörur og þjónustu. Megintilgangur könnunarinnar átti að vera að kanna frekar samkeppnisleg áhrif vegna samrunans, kanna hversu nánir keppinautar samrunaaðilar væru, og staðreyna þær markaðsskilgreiningar sem samrunaaðilar höfðu sett fram í samrunaskrá. Líkt og samrunaaðilar bentu á í samrunaskrá hefur Samkeppniseftirlitið ekki fjallað ítarlega um þessa markaði í fyrri framkvæmd. Þá er einnig rétt sem samrunaaðilar benda á í samrunaskrá að í fordæmum framkvæmdastjórnar ESB hefur ekki verið tekin endanleg afstaða til markaðsskilgreininga, t.d. hvort sala á nýjum og notuðum vörubílum tilheyrir sama markaði.
9. Með bréfi, dags. 13. desember 2024, sendi Samkeppniseftirlitið upplýsingabeiðni til keppinauta og samrunaaðila vegna fyrirhugaðrar könnunar í málinu. Með bréfi dags. 19. desember s.á. sendi Samkeppniseftirlitið beiðni til tæplega fjórtíu fyrirtækja með ósk um upplýsingar um veltu þessara aðila vegna sölu og/eða viðgerða á vörubifreiðum undanfarin fjögur ár með, sundurliðað eftir tilteknum þyngdarflokkum og eftir ökutækjategundum.
10. Sama dag eða hinn 19. desember 2024 sendi Samkeppniseftirlitið Styrkási, Kletti og Skel fjárfestingafélagi bréf með beiðni um frekari gögn., m.a. minnisblöð, greiningar um samrunann og fundargerðir stjórnar. Var félögunum veittur frestur til 10. janúar 2025. Svar við barst ekki við þessum upplýsingabeiðnum heldur var sem fyrr segir samrunatilkynningin dregin til baka.
11. Þegar Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um afturköllun samrunatilkynningar var framangreind gagnaöflun í fullum gangi og henni ólokið, m.a. voru útistandandi gagnabeiðnir til fjölmargra markaðs- og hagaðila. Höfðu þó nokkrir markaðsaðilar þegar tekið saman sundurliðuð gögn og afhent Samkeppniseftirlitinu. Var því þeim aðilum sem ekki voru búnir að svara upplýsingabeiðni tjáð að rannsókn Samkeppniseftirlitsins á málinu hefði verið hætt.
12. Samrunaaðilar upplýstu Samkeppniseftirlitið þann 9. janúar og formlega með tölvubréfi 10. janúar 2025 um afturköllun sína á samrunatilkynningu og lauk þá rannsókn og málsmeðferð eftirlitsins. Samkvæmt Styrkási var ástæða afturköllunar annars vegar riftun undirliggjandi kaupsamnings milli kaupanda og seljanda, sem tilkynnandi óskaði að öðru leyti trúnaðar um. Hins vegar var ástæðan óvissa um framgang og niðurstöðu samrunamálsins m.a. vegna markaðsskilgreininga Samkeppniseftirlitsins, að mati félagsins.
13. Þrátt fyrir að málsmeðferð og rannsókn Samkeppniseftirlitsins hafi lokið án formlegrar niðurstöðu þar sem tilkynning aðila um samrunann var dregin til baka eins áður sagði, þykir rétt með úrlausn þessari að gera grein fyrir meðferð málsins og rannsókn stofnunarinnar. Er það í þágu gagnsæis í störfum eftirlitsins, í samræmi við góða stjórnarsýsluhætti, til skýringar á því hvernig tíma og mannauð stofnunarinnar er varið hverju sinni, og í samræmi við leiðbeiningarhlutverk Samkeppniseftirlitsins.



14. Með vísan til framangreinds liggur fyrir að ekki kemur til þess samruna sem tilkynntur var Samkeppniseftirlitinu þann 8. október 2024. Þarf eftirlitið því ekki að taka endanlega afstöðu til áhrifa samrunans og hvort hann sé samrýmanlegur samkeppnislögum.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson